

# Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir



Ógæfusami  
konungurinn



Höfundur: Edward Hughes  
Myndskreytingar: Janie Forest  
Aðlaggað af: Lyn Doerksen  
Þýðandi: Práinn Kristjánsson  
Framleiðandi: Bible for Children  
[www.M1914.org](http://www.M1914.org)


BFC  
PO Box 3  
Winnipeg, MB R3C 2G1  
Canada

©2009 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,  
en ekki selja.



Samúel, dómari og leiðtogi Ísraels,  
var orðinn gamall. Hann setti syni  
sína dómara yfir Ísrael,  
til að taka stöðu sína  
í þjónustu Guðs. En  
þeir voru illa innrættir,  
elskuðu peninga, og  
misnotuðu völd sín  
til að svindla.




Ísraelar liðu þjáninga sökum óheiðarleika.


Dómsstólarnir voru óréttlátir. Fólkið varð að borga sonum Samúels í hvert skipti sem það þurfti á hjálp að halda.




Nú þurfti eitthvað að ske. Dag einn fóru öldungar fólksins til Samúels til að leita hjálpar hans.



"Set þú nú konung yfir okkur til að dæma okkar mál,"  
kröfðust þeir. Þeir vildu ekki hina illa innrættu syni  
Samúels sem dómara lengur. Þeir vildu konung eins  
og aðrar þjóðir.





Samúel mislíkaði  
kröfur þeirra.  
Ísrael hafði

konung!  
Hinn Eilífi  
Almáttugi Guð  
var konungur Ísrael.  
Fyrir löngu síðan losaði  
hann þá úr ánauð Egypta  
og bjó þeim göngustíg í  
gegnum Rauða Hafið. Svo  
hafði hann gefið þeim þetta  
stórkostlega land, Ísrael.




Þegar Samúel bað til Guðs, svaraði hann, "Þeir hafa ekki mótmælt þér, þeir hafa hafnað mér sem konungi sínum, og þeir hafa þjónað öðrum guðum.

Gerðu það sem þeir óska, og set konung yfir þeim."








Guð sagði Samúel að vara fólkið við að konungurinn mundi skattleggja það; yfirtaka víngarða þeirra og bestu landsbildur; gera syni þeirra að hermönnum; og krefjast þess að dætur þeirra þjóni konungi.





þrátt fyrir  
það, krafðist  
fólkið að fá  
konung.

*myndhöfundur*

Guð benti Samúel á ungan,  
myndalegan, feiminn, hávaxinn mann,  
sem hét Sál. Sál var höfðinu  
hærri en flestir aðrir.

Um leið og Samúel kom  
auga á Sál, sagði  
Drottinn, "Þetta er  
sá sem á að stjórna  
þjóð minni."






Samúel, samkvæmt  
fyrirskipun Guðs,  
smurði nú Sál sem  
konung Ísraels. Er  
Samúel kynnti Sál  
fyrir fólkinu hrópaði  
það, "Lengi lifi  
konungurinn!"



Fyrr en varði reyndi á forystuhæfileika Sáls.  
Ammónítar, sem hötuðu Ísrael, umkringdu eina  
borgina og hötuðu að stinga hægra augað úr öllum  
þar. Þvílík grimmd. Er fréttin barst honum til eyrna,  
fylltist Sál reiði

og  
gerði herlið  
sitt reyðubúið.





Hófst nú  
bardaginn og  
gerðu hermenn  
Sáls út af við  
Ammóníta og  
björguðu þar  
með borginni.  
Sál konungur  
vegsamaði Guð  
og sagði: "Á  
þessum degi  
hefur Drottinn  
bjargað  
Ísrael."



Þann dag, veitti Guð Sál mikinn sigur. En Sál var ekki alltaf heiðvirður gagnvart Guði. Dag einn, fyrir orrustu við Filistea, færði Sál Guði brennifórnr.

Hann vissi að þetta átti Samúel að gera. Hann vissi að Guð vildi að hann hefði beðið eftir Samúel, en samt óhlýddist Sál Guði.



Þegar Samúel kom, sagði hann við Sál, "Þú hefur hegðað þér heimskulega. Þú hefur ekki hlýtt fyrir mælum Drottins Guðs þíns. En nú mun konungdómur þinn ekki standa lengur."





Það kann að vera að Sál hafi fundist þetta lítil synd. En óhlýðni við Guð er ávallt háalvarlegt mál.



Í annan tíma, skipaði Guð  
Sál að útrýma öllum  
Amalekítum fyrir  
illmennsku þeirra.



En Sál lét  
þyrma lífi  
Agags  
konungs  
Amalekíta.



Samúel sagði við Sál, "Hlýðni er betri en fórn. Af því að þú hefur hafnað orði Drottins hefur hann hafnað þér sem konungi yfir Ísrael." Sál var mjög hryggur vegna syndar sinnar. En það var um seinan. Sál varð óhamingjusamur til dauðadags vegna óhlýðni sinnar gagnvart Guði.



Ógæfusami konungurinn

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Fyrri Samúelsbók 8-16

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130





Endir

18

60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,  
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:  
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

